



Alþingi
Erindi nr. P 122/649
komudagur 12.12.2002

11. desember 2002
Dags. yðar: 27. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá, 351. mál, heildarlög

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá, 351. mál, heildarlög.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um fyrirtækjaskrá, nr. 62/1969, og er það flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það sé liður í framkvæmd þeirrar stefnu sem lýst var í athugasemdum við frumvarp um afnám laga um Þjóðhagsstofnun og felst í að ná fram frekari hagræðingu í stjórnslunni og styrkja um leið hagskýrslugerð með því að endurskipuleggja Hagstofuna og flytja frá henni verkefni sem ekki tilheyrta hagskýrslugerðinni beinlínis lengur.

Samkvæmt frumvarpinu fer fjármálaráðherra með mál sem varða fyrirtækjaskrá og starfrækir ríkisskattstjóri fyrirtækjaskrána í stað Hagstofu Íslands. Að öðru leyti er ekki um að ræða umfangsmiklar breytingar á efnisatriðum frá gildandi lögum um fyrirtækjaskrá, heldur felast þær einkum í uppstokkun og framsetningu ákvæða í frumvarpinu, þannig að einstök efnisatriði séu dregin fram með þeim hætti að betri yfirsýn fáiast yfir áhersluatriði, eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu.


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið, enda hluti af stærri breytingu sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri